



Samband íslenskra sveitarfélaga
Karl Björnsson, framkvæmdarstjóri
Borgartún 30, pósthólf 8100
128 Reykjavík



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

mrn@mrn.is
545 9500

Sölvhólsögötu 4,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 28. apríl 2022
Tilv.: MRN22030101/6.22.0

Óskað er eftir tilnefningum í stýrihóp um aðgengi að þjónustu fyrir börn. Stýrihópnum er ætlað að kortleggja og greina skipulag og framboð þjónustu og úrræða fyrir börn og fjölskyldur þvert á kerfi. Þá er stýrihópnum jafnframt ætlað að skoða stigskipta þjónustu til framtíðar.

Óásættanlega mikil bið er eftir þjónustu á öllum þjónustustigum um land allt. Í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá nóvember 2021 er þörf á að fara í heildstæða vinnu innan Stjórnarráðsins um aðgengi barna að viðeigandi úrræðum ásamt því að ráðast í tímabundnar bráðaaðgerðir til að bregðast við þeirri stöðu sem nú er uppi. Markmið vinnu hópsins er að:

- Kortleggja stigskipta heilbrigðis-, félags- og skólþjónustu fyrir börn og fjölskyldur um land allt.
- Greina styrkleika og veikleika þjónustunnar.
- Leggja fram tillögur til þess að styrkja heildstæða, samhæfða og árangursríka velferðarþjónustu við börn og fjölskyldur sem veitt er af til bæru fagfólki á réttum tíma og á réttu þjónustustigi.

Hópurinn verður leiddur af mennta- barnamálaráðuneyti en að auki er óskað eftir tilnefningum frá heilbrigðisráðuneyti, félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, Barna- og fjölskyldustofu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hópurinn mun starfa í samvinnu við stýrihóp Stjórnarráðsins í málefnum barna

Hér með er óskað eftir því að Sambandið tilnefni tvo fulltrúa í stýrihópinn og að við þá tilnefningu verði gætt að ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020.

Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar tilnefningar berist mennta- og barnamálaráðuneyti eigi síðar en 4. maí nk. ásamt upplýsingum um kennitölur og netföng þeirra aðila sem tilnefndir eru. Ekki er greidd þóknun fyrir setu í stýrihópnum af hálfu ráðuneytisins.

Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barnamálaráðherra

Páll Magnússon
ráðuneytisstjóri